Akureyrarbær

**Leiðbeiningar um skráningu aksturs í Vinnustund**

Verklagsreglur sem samþykktar eru af bæjarráði eru að finna í starfsmanna- og stjórnendahandbók sjá:
*Verklagsreglur um greiðslur fyrir akstur í þágu vinnuveitanda*
https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/kjaramal/ferdakostnadur

Yfirmaður yfirfer og samþykkir skráningu í Vinnustund.

Þeir starfsmenn sem nota eigin bifreið í þágu Akureyrarbæjar og hafa undirritað *samning um afnot einkabíls* hafa heimild til að skrá akstur í Vinnustund.

Akstur er skráður sem *Aukatími* og valið um KM_m sem er mældur akstur, eða KM_f sem er fastar greiðslur. Skrá þarf dagsetningu, erindi og bílnúmer fyrir hvert aksturserindi. Akstur greiðist miðað við uppgjörstímabil sem hann er skráður á.

**KM_m – Mældur akstur**
Greitt samkvæmt kílómetragjaldi fyrir hvern ekinn kílómetra. Ekki er greidd staðgreiðsla af KM_m.

Skrá rétta dagsetningu, erindi og bílnúmer. Skráð er nákvæmur fjöldi km sem ekinn er.




Ef starfsmaður velur að fara á eigin bifreið til Reykjavíkur í stað þess að fljúga skal greitt fyrir akstur kílómetragjald skv. skráningu í Vinnustund, en þó að hámarki ígildi kostnaðar fyrir flug til Reykjavíkur *(sjá verklagsreglur um Greiðslur fyrir akstur í þágu vinnuveitanda).* Upplýsingar um fjölda kílómetra sem ígildi flugferðar má nálgast í þjónustuveri á hverjum tíma.

Skv. leiðbeiningum RSK þá þarf ekki lengur að skrá upplýsingar um kílómetrastöðu í upphafi og lok hverrar ferðar, heldur aðeins vegalengd í hverri ferð.

Skrá þarf akstur í þágu vinnuveitanda um leið þannig að fari með réttu uppgjörstímabili eins og tilgreint er í *samningi um afnot einkabíls* milli viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda.

**KM_f – Fastur akstur**
Greidd er staðgreiðsla af aukatíma KM_f

**Má nota:**
(sjá einnig *verklagsreglur um Greiðslur fyrir akstur í þágu vinnuveitanda)*

- Ef um er að ræða samtals færri en tíu eknar ferðir á uppgjörstímabilinu.
- Ef um styttri vegalengdir er að ræða er heimilt að skrá hverja ferð þrjá kílómetra óháð heildarfjölda ferða á uppgjörstímabilinu.

Skrá rétta dagsetningu, erindi og bílnúmer og fjöldi kílómetra fyrir hvert aksturserindi.




Skv. leiðbeiningum RSK þá þarf ekki lengur að skrá upplýsingar um kílómetrastöðu í upphafi og lok hverrar ferðar, heldur aðeins vegalengd í hverri ferð.

Skrá þarf akstur í þágu vinnuveitanda um leið þannig að fari með réttu uppgjörstímabili eins og tilgreint er í *samningi um afnot einkabíls* milli viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda.